

ekki nema þessi dagur yrði síðasti dagurinn hans. Þess vegna vildi hann kveðja hana mömmu sína og kyssa áður en hann gengi út í dauðann. Og þegar treyjan hans fór í sjóinn, gat hann ekki afborið að hugsa til þess, að myndin af henni mömmu hans færi í sjóinn. En fyrir hvað og hvern átti hann að fórna sér, ef ekki fyrir hana mömmu sína? Hún mátti ekki fara í sjóinn, og ekki neitt, sem heyrði henni til.

Í „sjóinn“ viljum við ekki að neitt fari, sem okkur þykir vænt um.

TIL GAMANS.

Í skóla einum, þar sem margir kennrarar voru, kom fyrir atvik, sem ungu kennurunum þótti gaman að. Miss Blank hétt kennarinn einn og var farin að eldast. Hún kendi í fyrsta bekk skólans. Drengur einn kom í skólann, sem Haraldur hétt. Það var fyrsti dagurinn hans í skólannum. Miss Blank kemur til hans og spyr: „Hvað heitir þú?“

„Haraldur Smith,“ svaraði drengurinn einarðlega.

„Hvað ertu gammall?“—spyr hún hann svo.

„Sex ára!“—svarar Haraldur; „en hvað gömul ert þú?“—spurði hann.

Og eru hinir yngri kennrarar skólans enn að hlæja að því.

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börni“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börni“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gislason* í Reykjavík er aðal-umboðsmáðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.